

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1999

k3. júní 1999

1011

Nr. 370

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Sogavegur/Vonarland.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 12. janúar 1999 samþykkt breytingu á skipulagi lóða við Sogaveg frá 21. janúar 1972. Markaðar eru tvær lóðir í stað fjögurra við Vonarland, Sogamýrarbl. VI.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 3. júní 1999,

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

3. júní 1999

Nr. 371

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir fiskmjölsverksmiðju
Hraðfrystihúss Eskifjarðar, Eskifirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Hraðfrystihúss Eskifjarðar, Eskifirði, kt. 630169-4299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 4 ár.

Reykjavík, 3. júní 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason

staðgengill forstjóra.

Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns
mengunarvarna.